

## **SKREF 2**

### **AFSKRÁNING- ÚTBORGUN SKILAGJALDS**

Eigandi, eða fulltrúi með skriflegt umboð hans (hægt að nálgast á vef Úrvinnslusjóðs), framvísar skilavottorði á skoðunarstöð eða Samgöngustofu og óskar eftir afskráningu vegna úrvinnslu.

Eigandinn fær skilagjaldið greitt gegn framvísun persónuskilríkja ef um er að ræða bifreið sem hann á rétt á skilagjaldi fyrir. Gjaldfallin gjöld af bifreiðinni eru skuldajöfnuð á móti skilagjaldi og mismunurinn greiddur eiganda. Skuldajafnað er á móti úrvinnslugjaldi, bifreiðagjaldi, þungaskatti, og vörugjaldi af bifreiðum.

Ef annar en eigandi skilar inn afskráningarbeiðni í umboði eiganda, eða eigandi er lögaðili, er hægt að óska eftir að skilagjald verði greitt inn á reikning eigandans. Þetta á einnig við ef beiðni um afskráningu er póstsend ásamt skilavottorði til Samgöngustofu.

Hafi bifreið verið afskráð eftir 1. janúar 2003, en ekki enn verið skilað til úrvinnslu, má skila henni eins og lýst er í skrefi 1 og fá svo leiðréttingu á ástæðu afskráningar hjá Samgöngustofu eða skoðunarstöð.

### **FREKARI UPPLÝSINGAR**

- [www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is)
- Frumherji sími 570 9000
- Aðalskoðun sími 590 6900
- Samgöngustofa sími 480 6000
- Úrvinnslusjóður sími 517 4700